

Vorið

Árla morguns; - kyrrðin svo tær,
ljósbrot í snjóperlum, grös að vakna,
þröstur á grein og áltir í oddaflugi
með sunnanátt undir vængjum.

Veröldin umhverfis
að bráðna saman í nýtt upphaf.
Auðmjúkir bíða farfuglarnir
á þröskuldi tímans.

Steinunn Ásmundsdóttir (1966-)